

## FUNDARGERÐ

Fundur nr. 49 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 19. maí kl. 17:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarasdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Birna Vídó Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Páll Þór Guðmundsson sat fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru sex dagskrárliðir:

1. **Upplýsingar um fundi með Vegagerðinni, varðandi Covid-19 og stöðuna á félaginu, frá 15/5 og 19/5 2020.**

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fóru yfir fundi sem þeir áttu með Vegagerðinni. Fyrir liggur staðfestur vilji frá Vegagerð um Covid-19 tengda aðstoð vegna áhrifa faraldursins á félagið. Góður andi hefur verið á fundunum.

*Niðurstaða: Stjórnin lýsir ánægju með að skriður sé að komast á viðræður við Vegagerðina og felur stjórnarformanni og framkvæmdastóra að halda áfram með málið.*

2. **Samþykktir Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. -Breytingar.**

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að breytingum á samþykktum frá eigendum félagsins.

*Framkvæmdastjóra er þökkuð kynning.*

3. **Starfskjarastefna Herjólfss ohf.**

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að starfskjarastefnu félagsins.

*Niðurstaða: Framkvæmdastjóra er falið að klára starfskjarastefnu og leggja hana fram til samþykktar á næsta fundi.*

4. **Ársreikningur 2019 –Atburðir eftir uppgjörsdag.**

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að skýringum sem fylgja munu ársreikningi félagsins.

*Niðurstaða: Stjórnin þakkar yfirferðina og felur framkvæmdastjóra að klára skýringarnar í samvinnu við endurskoðendur félagsins.*

**5. Q1 2020 –uppgjör/drög.**

Stjórnarformaður kynnti drög að árshlutauppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2020.

*Stjórnarformanni er þökkuð yfirferð. Útkoma fyrsta ársfjórðungs er í samræmi við áætlun sem félagið skilaði vegna ársins 2020.*

**6. Önnur mál.**

Rætt var um siglingar á sjómannadagshelgi. Ákveðið var að sleppa tveimur síðustu ferðum laugard. 6. júní (kl. 19:30 og 22:00 frá VEY) og tveimur fyrstu sunnud. 7. júní (kl.07:00 og 09:30 frá VEY) vegna árhátíðar starfsmanna. Engu að síður verða farnar sex ferðir í Landeyjahöfn á sunnudeginum, ferð kl. 14:30 verður bætt við frá Eyjum.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:10.

Næsti fundur er áætlaður 27. maí 2020.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.